

Viðbrögð og útskýringar Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar vegna svara yfirkjörstjórnar í Reykjavík suður við kærú

Lagt fram á fundi með undirbúningskjörbréfanefnd Alþingis 25. október 2021

Inngangur

Málið snýst ekki um einkahagsmuni kæranda heldur réttindi fatlaðs fólks til að nýta kosningarétt sinn til jafns við aðra á Íslandi.

Öryrkjabandalag Íslands stendur með kæranda að þessari kærú á þeim forsendum að mikilvægt úrlausnarefni sé að ræða fyrir þjóðfélagshópinn í heild sinni.

Sambærilegt atvik kom líka fyrir aðra fatlaða manneskju sem kærandi tengist og kaus á sama stað. Viðkomandi fannst þetta atvik jafnframt mjög óþægilegt þar sem tilfinning um leynilega atkvæðagreiðslu var rofin. (Hægt er að hafa samband við kæranda og fá nafn einstaklingsins sem um ræðir til staðfestingar á þessu ef vilji er fyrir hendi hjá Alþingi.)

Kærandi sendi skilaboð á réttindagæslumann fatlaðra sem hann hitti skömmu áður en hann kaus eftir að hafa kosið. Þar kemur fram að ókunnug manneskja hafi gengið fram hjá opnum kjörklefa kæranda þegar hann kaus. Auk þess varð eiginkona kæranda, sem var aðstoðarmaður hans við kosninguna, vitni að atvikinu eins og fram kemur í kærú. Ætti því að vera óumdeilt að atvikið átti sér stað að mati kæranda.

Varðandi svör yfirkjörstjórnar í Reykjavík

1. Villandi atriði í svörum yfirkjörstjórnar:
 - a. Óskiljanleg teikning af kjörstaðnum í Kringlunni sem skýrir ekki með nokkrum hætti hvernig málum var háttað á kjörstaðnum.
 - b. Mynd af kjörklefum fylgir bréfi yfirkjörstjórnar en hún er af kjörklefum á öðrum kjörstað sem er ekki með sams konar hætti og kjörklefinn var sem kærandi fékk til afnota. Í kjörstaðnum sem kærandi kaus á var klefinn staðsettur og byggður þannig að klefasamstæðan myndaði gang og þar var kjörklefinn fyrir fatlað fólk staðsettur sem skýrir það hvers vegna manneskja gekk fyrir aftan kæranda á meðan hann kaus. Afar villandi er að mati kæranda að birta mynd af öðrum kjörstað en þeim sem um ræðir í kærú. Klefinn sem kærandi kaus í var vissulega í samræmi við lýsingu yfirkjörbréfanefndar um að klefarir „*Þeir snúa 90° á hina kjörklefana og eru opnir.*” Hins vegar var hann ólíkur þeim sem sést á myndinni að því leyti að hann var ekki með bakplötu til að skýla kjósendanum frá umferð. Um grundvallarmun er að ræða á hönnun kjörklefa.
 - c. Það er mat kæranda að orðalagið í svari yfirkjörstjórnar sé afar loðið og á tímum villandi. Dæmi um þetta er eftirfarandi fullyrðing: „*Fyrirkomulagið sem notast var við þann 25. september sl. er hins vegar sambærilegt því sem notað hefur verið í mörgum undanförmum kosningum...*”. Hvað þýðir almenna þessi fullyrðing varðandi þá ágalla sem kært er vegna? Er fyrirkomulagið um

- að sleppa tjöldum á klefum fatlaðra kjósenda eitthvað sem hefur verið viðhaft undanfarnar kosningar og ef svo er þarf ekki að gangast við því með skýrum hætti.
- d. Í svari yfirkjörstjórnar segir: “*Kjördeildir voru þannig staðsettar að ekki lá umferð kjósenda fram hjá þeim.*” Hvað með starfsfólk kjörstjórna og/eða bókasafnsins? Ekki er tilgreint hvort takmarkað hafi verið umgengni frá þeim aðilum, sem kæranda grunar að hafi verið raunin varðandi manneskjuna sem gekk fram hjá honum þegar hann kaus. Það er ekkert í svari yfirkjörstjórnar sem bendir til þess að leitast hafi verið við það að tryggja að aðgangur starfsfólks væri heftur aftan við þessa opnu klefa fyrir fatlað fólk, sem þó er sagt að hafi verið meginreglan á öllum kjörstöðum.
2. Í svarinu segir: “*Lagaákvæðið mæli ekki fyrir um að tjald skuli vera fyrir kjörklefa og málefnalegar ástæður voru fyrir því að notast ekki við slíkt tjald í kjörklefa sem ætlaður er einstaklingum sem þurfa á hjólastól að halda til að komast leiðar sinnar.*”
 - a. Hvaða málefnalegu ástæður er yfirkjörstjórn að vísa til? Hér skal vísað til þess að ófatlað fólk getur rétt eins flækst í tjöldum og fatlað fólk og það er óásættanlegt að gefa ekki fötluðum kjósendum kost á tjaldi, hvort sem þeir svo nýta sér að draga það fyrir eða ekki.
 - b. Hvaðan kemur forsendan fyrir því að fatlað fólk vilji ekki tjöld fyrir kjörklefa, eða að það sé líklegra en ófatlað fólk til þess að flækjast í slíkum tjöldum?
 - c. Er þetta byggt á einhvers konar samráði eða samdóma áliti fatlaðs fólks um að vilja ekki slík tjöld? Hvar er að finna gögn um slíka afstöðu ef svo er?
 - d. Hvernig samræmist það meðalhófsreglu að sleppa þeim alfarið í ljósi þess að sumt fatlað fólk, eins og til dæmis kærandi, hefði viljað hafa slík tjöld sem þurfa alls ekki að ná alla leið til gólfs (og gera það sjaldnast) til að tryggja leynilega kosningu?
 3. Í svari yfirkjörstjórnar segir: “*Áð mati yfirkjörstjórnar gátu allir kjósendur gætt leyndar um atkvæðagreiðslu sína. Yfirkjörstjórn telur sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til fullyrðingar kæranda um að ónefndur einstaklingur hafi gengið fram hjá kjörklefamum né hvort það sé rétt að sá einstaklingur hafi getað séð hvernig kærandi kaus.*”
 - a. Hér er á ferðinni ákveðin þversögn. Annars vegar er fullyrt að mat yfirkjörstjórnar sé það að **allir** kjósendur hafi getað gætt leyndar um atkvæðagreiðslu sína en hins vegar telur yfirkjörstjórnin sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til fullyrðingar um að einstaklingur hafi gengið fram hjá kæranda.
 - b. Kærandi getur heldur ekki fullyrt hvort einstaklingurinn sem gekk fram hjá hafi séð hvernig hann kaus eða ekki, en þar liggur einmitt vandamálið. Að vita ekki hvort viðkomandi ókunnugur einstaklingur sá hvernig kærandi kaus óásættanlegt út frá meginreglunni um leynilegar kosningar.
 - c. Kæranda finnst líklegt að þetta hafi verið einhvers konar starfsmaður kjörnefndar eða bókasafnsins en veit ekki hver þetta var, en atvikinu fylgja sem fyrir segir talsverð óþægindi – bæði hjá kæranda og öðrum fötluðum kjósendum sem lentu í sams konar atvikum.

Almennt

4. Þegar fatlað fólk sem þarf á aðstoð að halda kýs segir það gjarnan upphátt hvað aðstoðarmanneskjan á að gera og/eða bendir á réttan valkost. Í sumum tilfellum þarf

fatlað fólk að hafa kjörseðilinn í kjöltu sér. Fyrir vikið gæti verið enn meira afhjúpanði hvernig atkvæði er ráðstafað ef ekki um tjald að ræða og ókunnug manneskja er nærri.

5. Skorað er á kjörbréfanefnd Alþingis að afla eftirfarandi gagna:
 - a. Teikningu af því hvernig rýmið var hannað á þessum tiltekna kjörstað svo hægt sé að varpa ljósi á fyrirkomulagið sem ræðir og galla þess með skýrum og sanngjörnum hætti. Sem og ljósmyndum af fyrirkomulaginu sé þess kostur.
 - b. Upplýsingar um það hvort tjöld hafi almennt verið notuð á klefum fyrir fatlað fólk í fyrri kosningum eða ekki. (Kærandi rekur minni í að hafa áður kosið bak við tjald. Þess ber að geta að tjöld voru á klefum fyrir fatlað fólk í utankjörfundaatkvæðagreiðslum skv. samtölum kæranda við aðra fatlaða kjósendur).
 - c. Upplýsingar um það hvort fatlað fólk hafi áður kvartað yfir því að það fengi ekki leynilega kosningu á grundvelli þess fyrirkomulags sem yfirkjörstjórnin segir að hafi verið viðhaft lengi. Í svari yfirkjörstjórnar segir: „...*rétt að það komi fram að nokkrar ábendingar bárust á kjördag, frá kjósendum með fötlun, um að framangreind uppsetning á kjörklefum ætluðum kjósendum í hjólastól hefði valdið óþægindum og óöryggi.*” Þetta gefur tilefni til að skoða hvort kvartanir hafi borist í fyrri kosningum eða hvort um hafi verið að ræða breytt fyrirkomulag í þessum kosningum.

6. Í svari yfirkjörstjórnar segir: „Yfirkjörstjórn tekur þessar ábendingar alvarlega og þegar er hafin vinna við að endurhanna fyrirkomulagið til að koma til móts við þessar ábendingar.”
 - a. Hér vill kærandi áréttta að mjög mikilvægt er að hafa fullt og merkingabært samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, frá fyrstu stigum í þeirri vinnu sem hafin er við að endurhanna fyrirkomulagið. Það að hefja vinnu við endurhönnun fyrirkomulagsins án aðkomu fatlaðs fólks samrýmist hvorki íslenskum lögum né Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

7. Ásættanleg niðurstaða við kæru þessari er að viðurkennt sé að kærandi fékk ekki rétt til leynilegra kosninga og að aðstæður á kjörstað hafi verið óásættanlegar
 - a. Til að ljúka málinu myndi það nægja kæranda að einhver sætti ábyrgð, til dæmis með sekt líkt og boðið hefur verið upp á vegna lagabrota í norðvesturkjördæmi.
 - b. Það má aldrei gerast aftur að fatlað fólk fái ekki leynilega kosningu hér á landi og því er mjög mikilvægt að gripið sé til aðgerða til að fyrirbyggja sambærileg lögprot í kosningar framtíðarinnar.